

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

## 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Sorphirðugjald kr.

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði ..... 7.500 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.	Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
1	0	6	137.500
2	15.000	7	192.500
3	27.500	8	330.000
4	55.000	9	500.000
5	82.500		

Bæjarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu svo sem kostur er, mið af umfangi starfsemi og sorpgerð.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

## 3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar mun setja sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

## 4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddögu bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjalddögu með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu á Ísafirði nr. 59/1995.

*Umhverfisráðuneytinu, 13. janúar 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*